

2.fundur í Skólaráði Rimaskóla

Mætt: Eygló Hilmarsdóttir - fulltrúi kennara, Elísabet Magnúsdóttir – fulltrúi kennara, Baldvin Berndsen – fulltrúi grenndarsamfélagsins, Harpa Lind Hermannsdóttir fulltrúi nemenda í 8.b, Karen Thea Theódórsdóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk, Erla Bára Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra, Ásgerður Arna Sófusdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Magnússon – fulltrúi starfsmanna, Þórunn R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari.

1. Starfsáætlun Rimaskóla fyrir skólaárið 2024-2025 tekin fyrir og rædd. Farið var yfir áherslur skólaársins. Vísað er í heimasíðu skólans sem er í vinnslu og verða allar áætlanir og tilvísanir þar inni. Farið var yfir villur og þær lagfærðar. Ábending kom um að segja aðeins meira frá Uppeldi til ábyrgðar og hefur það verið lagað. Starfsáætlun samþykkt af skólaráði.

2. Farið var yfir framkvæmdir á skólahúsnæðinu. Þær eru að mestu leiti búnar og er húsnæðið hið glæsilegasta. Eftir á að tengja loftræstingu en kerfin eru komin í húsið en ekki fjármagn eða áætlun um hvenær það verður að veruleika. Ljóst er að það liggur á að bæta loftræstingu í húsinu en nýjir gluggar eru góðir og halda veðri og vindum. Við það þarf að lofta betur og við höfum áhyggjur af hversu mikið hægt er að opna gluggana (eru brunaútgangar og hægt að opna mjög mikið).

3. Fórum yfir hvort aðilar í ráðinu vildu leggja eitthvað mál inn. Kristján Magnússon matreiðslumeistari fór yfir að búið er að taka í gangið matarskömmun. Nemendur eru farnir að geta skammtað sér sjálf. Fulltrúar nemenda tala um að það sé svolítið þröngt og langar raðir. Kiddi talar um að eigi eftir að finnúsa þetta. Hann tekur eftir því að hent sé minna af mat núna.

Fulltrúar í foreldrafélaginu fóru yfir að aðalfundur foreldrafélagsins er nýlokið. Hugur í foreldrafélaginu. Fara í að vinna foreldrasáttmála og virkja bekkjarfulltrúa.

Fulltrúar nemenda fóru yfir að helstu málefni sem nemendur eru að ræða um sé að fá skápa fyrir unglingadeildina. Töskur eru þungar og erfitt að tryggja öryggi tölva þegar ekki er hægt að geyma þær á öruggum stað. Einn nemandinn ræddi um hvort hægt væri að setja upp sjálfসা fyrir safu og ýmislegt sem nemendur gætu keypt sér.

Fulltrúi grenndarsamfélagsins ræddi um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir og hvort það hefði áhrif á starfsemi skólans. Þórunn fór yfir að ljóst er að þetta gæti þrengrt að útikennslustofu sem er þarna á svæðinu. Einnig eru áhyggjur ef taka á færanlegar stofur sem frístundaheimilið er að nýta. Skólahljómsveitin nýtir þær á daginn og aðstaða í skólastofum eftir kennslu fyrir frístund gerir erfitt allt samstarf kennara. Hljóðvist í skólanum er ekki nógu góð en starfsemi frístundar er af öðrum meiddi en skipulagt skólastarf.

Fleira ekki tekið fyrir

Þórunn Rósa Ólafsdóttir ritaði fundargerð